Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Lögmál ehf.
b.t. Ásgeirs Þórs Árnasonar, hrl.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2016
Tilv.: VEL15100221/05.53.02

**Efni: Samningur um yfirtöku íslenska ríkisins á rekstri hjúkrunarheimilins Ísafold.**

Velferðarráðuneytið hefur móttekið tölvubréf frá Ásgeiri Þór Árnasyni hrl. lögmanni Garðabæjar, dags. 30. desember sl., þar sem fylgdu með drög að samningi um yfirtöku íslenska ríkisins á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafold.

Ráðuneytið telur að um sé ræða mjög viðamikið mál og getur ekki á þessu stigi tekið afstöðu til neinna atriða í fyrrgreindum samningsdrögum, með þeirri undantekningu að ráðuneytið fellst ekki á þann skamma frest sem settur er fram í fyrrgreindum samningsdrögum, þ.e. að yfirtakan verði 1. apríl nk.

Ráðuneytið mun fara yfir málið með ríkislögmanni og fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og boða til fundar með aðilum málsins síðar í janúarmánuði.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Vilborg Ingólfsdóttir

Guðlín Steinsdóttir